

Nd.

169. Frumvarp til laga

[118. mál]

um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Bæjarstjórnnum og hreppsnefndum í kaптúnum er heimilt að ákveða með reglugerð, er ráðuneytið staðfestir, að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kaптúnum.

2. gr.

Sérhver skattgreiðandi skal á skattaframtali gera grein fyrir þeim hundum, sem hann á um áramót og aðrir þeir, er hann hefur á framfæri sínu.

Hreppstjóri í hverjum hreppi, en skattstjóri eða skattanefnd í kaupstað, skulu gera skrá yfir hunda þá, sem í sveitarfélaginu eru, og afhenda hana oddvita í hreppnum, en bæjarstjóra í kaupstað.

3. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt, að innheimtur skuli skattur af hundum í sveitarfélaginu, er renni í sveitarsjóð:

Skattur þessi má vera:

1. Af hverjum hundi búenda eða annarra, sem búfé eiga, kr. 25.00—100.00.
2. Af öðrum hundum kr. 100.00—200.00.

Samþykkt sveitarstjórnar um hundaskatt gildir þar til henni er breytt með nýrri samþykkt eða hún felld niður.

Hreppsnefnd skal tilkynna sýslumanni, þá er hún hefur gert samþykkt um innheimtu hundaskatts, en bæjarstjórn ber að tilkynna það bæjarfógeta.

4. gr.

Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnu, er sullur finnst í, að grafa þegar í stað slátur það, sem sullamengað er, að meðöldum hausum af höfuðsóttarkindum, svo djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða brenna það.

Brot gegn ákvæði þessu varða allt að kr. 500.00 sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er uppljóstrar, en sveitarsjóður hinn.

5. gr.

Skyllt er að setja reglugerðir um hreinsun hunda til útrýmingar bandormum, hvernig hún skuli framkvæmd og af hverjum, um meðferð á sullum úr sauðfé og um annað, er þurfa þykir til varnar sullaveiki.

Sýslunefndir setja reglugerðir hver fyrir sitt umdæmi, en bæjarstjórnir í kaupstöðum, að fengnum tillögum heilbrigðisyfirvalda á viðkomandi stöðum.

Reglugerðanna skal getið í B-deild Stjórnartíðindanna. Kostnaður við framkvæmd þessa greiðist úr sveitarsjóði.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða samþykktum, sem settar kunna að vera samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 1000.00, er renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

7. gr.

Með mál gegn brotum á lögum þessum skál farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þess öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 18 frá 1890, um hundaskatt og fleira, lög nr. 8 frá 1924, um heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir til að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kaптúnum, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur þetta frumvarp eftir beiðni félagsmálaráðuneytisins, sem hefur látið semja það. Nefndin áskilur sér rétt til að breyta frumvarpinu og hefur óbundnar hendur um breytingartillögur annarra.

Frá ráðuneytinu fylgdi svo hljóðandi rökstuðningur:

Núgildandi lög um hundaskatt og varnir gegn sullaveiki eru frá árinu 1890. Síðan þau voru sett, hafa miklar breytingar orðið á hundahaldi Íslendinga. Um aldamótin voru hundar margir og sullaveiki í fólki talsverð. Nú eru hundar mun færri og sullaveiki næsta sjaldgæf. Hundaskatturinn, sem um 1890 nam verulegum hluta af tekjum sýslu- og hreppssjóða, skiptir nú engu máli fyrir fjárhagsafkomu þeirra.

Í lögnum frá 1890 er svo ákveðið, að hver heimilsráðandi skuli á vorhreppaskilapingi telja fram fyrir hreppstjóra eða bæjarfógeta alla heimilishunda sína, en á hausthreppaskilum skuli telja frá þá hunda, sem farizt hafa um sumarið. Þessi ákvæði eru mjög úreft, og hefur því orðið misbrestur á framtali hunda. Hundaskatturinn er og orðinn allt of lágur, miðað við núverandi verðgildi peninga.

Af þessum sökum hafa komið fram réttmætar ábendingar um, að breyta þyrfti lögnum um hundaskatt og fleira. Þykir rétt að verða við þeim tilmælum, og því er frumvarp þetta fram komið.

Í lögum nr. 8 frá 1924 eru ákvæði um heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir í kaптúnum að takmarka eða banna hundahald í umdæmum sínum. Eðlilegast virðist, að þessi heimild sé í sömu lögum og hundaskatturinn, og því er það tekið hér með. Enda þótt ákvæðin um varnir gegn sullaveiki eigi vart rétt á sér í þessum lögum, þykir þó ekki ástæða til að fella þau niður, og eru þau því tekin hér óbreytt upp úr núgildandi lögum.